

Reykjavík, 23. mars 2017  
R2017030028/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Kt. 420169-3889

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (einföldun, búsetuskilyrði). - 237 mál, þskj. 329**

Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 14. mars 2017 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Ríkisskattstjóri leyfir sér að ítreka eftirfarandi ábendingar sem fram komu í umsögn stofnunarinnar þegar samsvarandi frumvarp var til meðferðar á 145. löggjafarþingi.


Í 1. og 16. gr. frumvarpsins eru sambærilegar breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög en í 1. gr. er lögum um hlutafélög breytt og er talað um „lífeyrissjóði“ en í 17. gr. er lögum um einkahlutafélög breytt en þar segir „lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt lögum um lífeyrissjóði“. Ríkisskattstjóri leggur til að sambærilegt orðalag verði notað í báðum greinum til að tryggja sambærilega lagatúlkun á greininni og gerir ekki athugasemd um hvort orðalagið er valið.

Þá leggur ríkisskattstjóri til að við 30. gr. frumvarpsins bætist við málsliður sambærilegur a. lið 9. gr. frumvarpsins og a. lið 21. gr. frumvarpsins en þar er fjallað um það ef stjórnarmenn og/eða framkvæmdastjórar missa hæfi beri þeim að upplýsa ríkisskattstjóra um það ásamt því að taka fram heimild skrárinnar til að afskrá vanhæfa stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist því tveir nýir málsliðir sem eru svohljóðandi: *Missi stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri hæfi skulu þeir upplýsa sjálfseignarstofnanaskrá. Sjálfseignarstofnanaskrá hefur heimild til að afskrá stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem missa hæfi sem slíkir.*

Fyrirtækjaskrá RSK fagnar öllum aðgerðum sem miða að því að einfalda hlutafélagalögin og gera þau skýrari enda greiðir það fyrir afgreiðslu mála hjá skránni. Afar gott samstarf hefur verið við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið varðandi málefni félagaréttarins sem m.a. hefur skilað sér í þessu frumvarpi. Í framkvæmd fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög koma iðulega upp atriði sem gefa fullt tilefni til að tekið væri á í lögunum og leitt geta til einföldunar og samræmis þessara tveggja lagabálka. Má þar nefna atriði sem snerta samruna, hlutafé og hæfisskilyrði.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Birgitta Arngrímsdóttir